

Lög um samþykkt á landsreikningnum 1922, undirskrifuð af konungi sama dag.

Fjárlög fyrir árið 1925, undirskrifuð af konungi sama dag.

Lög um útsvarsálagningu erlendra vátryggingarfjelaga, undirskrifuð af konungi sama dag.

Lög um aukaútsvar ríkisstofnana, undirskrifuð af konungi sama dag.

Lög um gengisskráning og gjaldeyrisverslun, undirskrifuð af konungi sama dag.

Lög um ljósmæðraskóla í Reykjavík, undirskrifuð af konungi sama dag.

Lög um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum, undirskrifuð af konungi sama dag.

Lög um ríkisskuldabryjef, undirskrifuð af konungi sama dag.

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu, um flutning þingstaðar. **31** 19. apríl

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi dags. 7. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Borgarhafnarhreppi, veitir ráðuneytið hjermeð samþykki til þess að þingstaður nefnds hrepps verði fluttur frá Kálfafelli að Kálfafellsstað, enda annist hreppsnefndin um það að til verði jafnan á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

S A M Þ Y K T

um

friðun á fýl í Vestur-Skaftafellssýslu.

32
11. apríl

Samkvæmt heimild í lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, 3. gr. b um friðun fugla og eggja, hefir sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu gjört eftirfarandi samþykkt:

Veði á fýl (vetrarfýl) sje leyfð einungis 2ja mánaða tíma árlega, frá 15. nóvember til 15. janúar, en á öðrum tíma sje hann friðaður.